

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

1. gr.

Í stað 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Orkuveitusvæði hitaveitunnar eru tvö aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatn sem hefur mismunandi hita. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, í gjaldskrá nefnd Borgarveitan og hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu, í gjaldskrá nefnd Kringluveitan.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2002.

Porgeir Örlygsson.

Þóra M. Hjaltested.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra nr. 252/2001, með síðari breytingum, fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu.

Hitaveitan lætur setja rennislismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennislismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan ræður gerð rennislismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta